

105
30. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

C-liður 1. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrissjóður Íslands greiði 50% — fimmtíu af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 80. gr. alþýðutryggingalaganna, að frádregnum úthlutuðum vöxtum ellistyrktarsjóða, enda nemi upphæð ellilauna eða örorkubóta eigi lægri upphæð en 120 kr., að viðbættri verðlagsuppbót, til hvers einstaklings. Jafnframt falla niður sérákvæði 1. töluliðar 80. gr. um takmörkun framlaga og styrkveitinga.

2. gr.

Í stað orðanna „sem er umfram $\frac{3}{4}$ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins“ í 4. gr. laganna komi: sem er umfram tillag hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944 og koma til framkvæmda við úthlutun á því ári fyrir árið 1945.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

106
30. des.

L Ö G

um stríðsslysafélag íslenskra skipshafna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um Stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna.

1. gr.

Nafn vátryggingafélags þess, sem hér ræðir um, er Stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk félagsins er að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á íslenskum skipum og safna sjóðum, er geri félaginu fært að auka eigin ábyrgð á áhættum, er það tekur að sér.